

Hafnarfirði, 4. júlí 2008

Félags- og tryggingamálaráðuneytið,
b.t. Halldórs Gunnarssonar, formanns Stjórnarnefndar málefna fatlaðra,
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu,
150 Reykjavík

Vísað er til tölvubréfs Björns Arnars Magnússonar, dags. 14. janúar s.l., þar sem fram kemur að Stjórnarnefnd málefna fatlaðra óski eftir að Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi (SMFR) leggi fram svæðisáætlun. Í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra kveður á um að svæðisáætlun skuli taka til þriggja ára og lúta að uppbyggingu þjónustu við fatlaða. Er við það miðað hér.

Eðli málsins samkvæmt er það SMFR sem býr yfir mestum upplýsingum um þörfina fyrir uppbyggingu þjónustu við fatlaða á starfssvæði stofnunarinnar en slíkar upplýsingar er einnig að finna hjá sveitarfélögum eins og síðar verður vikið að. Nú er það í meginatriðum komið undir fjárveitingum til rekstrar- og stofnkostnaðar frá ári til árs að hve miklu leyti unnt er að koma til móts við þær óskir um þjónustu sem stofnuninni berast. Af þeim sökum er ekki unnt að gera eiginlega áætlun til þriggja ára um frekari uppbyggingu en hér verður valin sú leið að setja fram áætlun sem miðast við að á árunum 2008-2010 verði unnt að koma til móts við óskir $\frac{3}{4}$ þeirra einstaklinga sem bíða eftir þjónustu eða frekari þjónustu en þeim er veitt nú. Forsendur eru settar fram eftir því sem við á.

Eins og fram kemur í umsókn SMFR til Framkvæmdasjóðs fatlaðra fyrir árið 2008 endurspeglar sú umsókn brýnustu þarfirnar í aukinni þjónustu við fatlaða á starfssvæðinu. Reyndin er sú að fjölgað hefur á biðlistum eftir þjónustu stofnunarinnar enda hefur íbúum á svæðinu fjölgað mjög á undanförunum árum, nánar tiltekið um 13,2% frá 2004 til 2007. Fjölgun íbúa í Reykjavík var á sama tíma 3,5% og 6,7% á landsvísu.¹ Staðan á biðlistum eftir búsetu og skammtímavistun ber með sér að auka þarf þjónustuna verulega. Einnig er brýn þörf fyrir aukna dagþjónustu; nánast allir notendur þjónustu hæfingarstöðva fá hana einungis fjórar klst. á dag og verulegur skortur er á aðstöðu til verndaðrar vinnu. Gerð er frekari grein fyrir þessum atriðum í þeirri svæðisáætlun sem hér fer á eftir.

1. Búsetuþjónusta

Samkvæmt tölum í árslok 2007 voru þá á biðlista eftir búsetu með sólarhringsþjónustu 33 fullorðnir einstaklingar og höfðu þeir beðið slíkrar þjónustu í tvö ár eða lengur en þá viðmiðun notar félags- og tryggingamálaráðuneytið um biðlista. Með biðlista eftir búsetu er átt við fatlað fólk sem orðið er 18 ára, á lögheimili á starfssvæði SMFR og nýtur engrar búsetuþjónustu. Með öðrum orðum eru þeir ekki taldir með á biðlista sem njóta þegar búsetuþjónustu en óska breytinga á henni en þeir eru all margir.

Sé miðað við áðurnefnda viðmiðun um að koma til móts við umsóknir $\frac{3}{4}$ þeirra sem nú bíða búsetuúrræða og hafa beðið í tvö ár eða lengur er þar um að ræða 25 einstaklinga. Einnig þarf að gera ráð fyrir nýliðun. Í drögum að stefnu félags- og tryggingamálaráðuneytisins um þjónustu við fötluð börn og fullorðna 2007-2016 er gert ráð fyrir að nýliðun á landinu öllu verði

¹ Sjá vefsíðu Hagstofu Íslands: <http://www.hagstofa.is>.

14 einstaklingar á ári á því tímabili sem hér um ræðir og varðar þörf fyrir búsetuþjónustu.² Sé miðað við hlutfall íbúafjölda á starfssvæði SMFR af heildaríbúafjölda landsins nemur nýliðun á svæðinu 4,5 einstaklingum á ári.

Þegar liggja fyrir óskir um ný búsetuúrræði á starfssvæði SMFR í umsókn til Framkvæmdasjóðs fatlaðra fyrir árið 2008. Þar er óskað eftir tveimur nýjum íbúðakjörnum fyrir fullorðna og er við það miðað hér. Sé gert ráð fyrir sex íbúum í hvorum kjarna myndi fækka á biðlista um níu í ljósi þess að þrír þeirra sem þangað myndu flytja njóta þegar búsetuþjónustu í Einibergi sem þykir hins vegar ekki viðunandi og óskað er eftir í umsókninni að breytt verði í heimili fyrir börn. Þá hefur ekki verið gert ráð fyrir nýliðun.

Til þess að koma til móts við $\frac{3}{4}$ hluta umsókna þeirra sem eru á framangreindum biðlista (umsóknir 25 einstaklinga), að viðbættum $\frac{3}{4}$ af áætlaðri nýliðun (3,4 einstaklingum á ári), þarf uppbygging búsetuþjónustu á starfssvæðinu að verða eins og fram kemur í töflu 1 (áætluð nýliðun ársins 2008 er færð á árin 2009 og 2010).

Tafla 1. Uppbygging búsetuúrræða fyrir fullorðna 2008-2010

	Af biðlista	Nýliðun	Samtals
2008	9		9
2009	8	5	13
2010	8	5	13
Samtals	25	10	35

Gangi þessi áætlun eftir verða um 11 einstaklingar á biðlista samkvæmt framangreindum skilmerkjum eftir árið 2010.

Auk þeirrar uppbyggingar sem að framan greinir er þess að geta að æ erfiðar hefur gengið á undanförunum mánuðum og misserum að fylla búseturými sem af ýmsum ástæðum hafa losnað á eldri sambýlum á starfssvæði SMFR, þ.e. svonefndum herbergjasambýlum. Þar býr nú orðið einkum fólk sem komið er um og yfir miðjan aldur og ber margt hvert með sér í daglegum háttum að hafa áður búið á stórum stofnunum.

Eðli málsins samkvæmt er það hins vegar einkum yngra fólk sem bíður búsetuúrræða á vegum SMFR. Ekki þykir boðlegt að þetta unga fólk flytji inn í eldri sambýli þar sem einkarými er einatt mjög takmarkað, auk þess sem húsnæðið uppfyllir ekki skilyrði sem reglugerð gerir ráð fyrir að skuli almennt gilda eins og kostur er um stærð og snyrtiaðstöðu í einkarými. Það er heldur ekki viðunandi að bjóða ungu fólki búsetu með sér mun eldra fólki sem það á litla sem enga samleið með. Af þessum sökum hafnar unga fólkið eða foreldrar þess að jafnaði úrræðum af þessu tagi þegar þau eru boðin.

Með breyttum tíðaranda og auknum kröfum hafa aðstæður þróast þannig að um langan tíma voru fjögur búseturými laus í herbergjasambýlum SMFR og erfiðlega gekk að nýta þau. Ötullega hefur verið unnið að því að reyna að finna lausnir sem fela í sér að fólk sem þar býr flytji í annað úrræði með það fyrir augum að rými skapist fyrir áfangaheimili fyrir yngra fólk sem er á biðlista. Það reynist mjög örðugt sökum þess að ekki er viðunandi að bjóða fólki að flytja nema betri kostur sé í boði. Einnig má búast við að mikið rask og óöryggi skapist við

² Mótum framtíð – þjónusta við fötluð börn og fullorðna 2007-2016. Framtíðarsýn og stefna, kafli 1.6.1.

flutning sem ekki er full sátt um enda er slíkt ekki í samræmi við þau stefnumið sem nú ríkja í þjónustu vegna búsetu fatlaðs fólks.

SMFR hefur í umsóknum sínum og erindum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra ítrekað óskað eftir fulltingi sjóðsins til þess að gera ráðstafanir sem gætu orðið til lausnar í þessu tilliti. Það heimili (Markarflöt) sem hafði minnst einkarými hefur þegar verið selt og nú hefur meðal annars verið lagt til að húsnæðið að Borgarholtsbraut 51 í Kópavogi verði selt og að íbúum þar hlotnist betri aðstæður. Auk þess hafa stjórnendur SMFR lagt á ráðin um að svo verði einnig um fleiri eldri sambýli sem eru ekki lengur í takti við tímann.

Stjórnendur SMFR óska eftir samráði við Stjórnarnefnd málefna fatlaðra og félags- og tryggingamálaráðuneytið í þessum efnum til þess að nýta megi til fulls þau búseturými sem fyrir hendi eru og bjóða íbúum þær aðstæður sem best þykja henta hverjum og einum. Þau herbergjasambýli sem um ræðir eru í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra og því losnar fjármagn við sölu þeirra sem leggja mætti í ný úrræði.

2. Heimili fyrir börn

Á biðlista eftir búsetu á heimili fyrir börn eru nú 21 barn á ýmsum aldri. Af þeim eru 19 í 1. og 2. umönnunarflokki. Það eru fyrst og fremst börn í þeim flokkum sem þarfnast búsetu á heimilum fyrir börn en um þjónustuparfir þeirra segir í reglum Tryggingastofnunar um umönnunarflokka:

1. flokkur: Börn, sem vegna mjög alvarlegrar fötlunar, fjölfötlunar, eru algjörlega háð öðrum með hreyfifærni og/eða flestar athafnir daglegs lífs.

2. flokkur: Börn, sem vegna alvarlegrar fötlunar þurfa aðstoð og nær stöðuga gæslu í daglegu lífi, t.d. vegna alvarlegrar eða miðlungs þroskahömlunar, hreyfihömlunar, sem krefst notkunar hjólastóls, verulegrar tengslskerðingar, einhverfu, heyrnarskerðingar, sem krefst notkunar táknaðs/varalesturs, og blindu.³

Jafnt í lögum um málefni fatlaðra, stefnudrögum félags- og tryggingamálaráðuneytisins um þjónustu við fötluð börn og fullorðna sem í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra kemur fram eindreginn vilji til þess að börn eigi þess kost að alast upp hjá fjölskyldum sínum. Til þess er beitt ýmsum stuðningsúrræðum á borð við skammtímavistun og stuðningsfjölskyldur enda lúta óskir foreldra vitaskuld að því að börnin alist upp hjá þeim. Jafn ljóst er hins vegar að þegar þau börn stálpast, sem búa við mestar fatlanir, getur umönnun þeirra orðið fjölskyldum þeirra ofviða. Það getur meðal annars átt við þegar fjölskylduaðstæður eru bágur af heilsufarsástæðum eða öðrum atvikum. Þetta á einkum við um alvarlega fjölfötluað börn sem eru algjörlega háð öðrum með hreyfifærni og athafnir daglegs lífs (1. flokkur). Einnig er það vel þekkt að hegðunarörðugleikar sem einatt fylgja einhverfu og skyldum röskunum geta verið afar erfiðar viðfangs þegar komið er fram á unglingsaldur (2. flokkur). Dæmi eru um að börn sem þurfa mjög mikla umönnun njóti skammtímavistunar í allt að 14 daga í mánuði en almennt er því úrræði ætlað að vara í 4-7 daga í mánuði. Því er óhjákvæmilegt að starfrækja heimili fyrir börn. Vert er að taka fram að með því móti nýttast skammtímavistanirnar betur til þess sem þær eru ætlaðar til, þ.e. að létta álagi af foreldrum skamman hluta mánaðarins, en verulegur og viðvarandi skortur er á skammtímaþjónustu. Rétt

³ Sjá vefsíðu TR: <http://www.tr.is/foreldrar-og-born/greidslur/umonnunarflokkar/>.

er að fram komi að heimild hefur fengist fyrir nýrri skammtímaþjónustu sem mun koma til móts við stóran hluta þeirra sem bíða skammtímaþjónustu.

Starfrækt var heimili fyrir börn að Einiberg 29 í Hafnarfirði en þar hefur undanfarin misseri verið heimili fyrir fullorðna vegna þess að íbúar komust af barnsaldri (sá yngsti verður 18 ára á þessu ári). Í umsókn SMFR til Framkvæmdasjóðs fatlaðra fyrir árið 2008 er óskað eftir að þrír íbúa Einibergs fái búsetu í nýjum íbúðakjarna til þess að heimilið geti aftur þjónað börnum. Þess er og að geta að svefnherbergin í húsinu eru of lítil til þess að uppfylla þarfir fullorðins fólks en henta börnum betur.

Þá telur SMFR að komið sé að því að fleiri börn, meðal annars þau sem nú njóta mestrar skammtímaþjónustu og eru á biðlista eftir búsetu, þurfi að flytja á heimili fyrir börn. Áætluð þörf er sýnd í töflu 2. Ekki er gert sérstaklega ráð fyrir nýliðun þar eð hún er aðstæðubundin og þar með óljós.

Tafla 2. Uppbygging búsetuþjónustu fyrir börn 2008-2010

	Af biðlista
2008	3
2009	5
2010	5
Samtals	13

Tekið skal fram að heimilið sem hér er áætlað á árinu 2009 þarf að vera vel rúmt til þess að geta rúmað allan þann hjálparbúnað sem fylgir þjónustu við alvarlega fjölfötluð börn.

3. Aukin og breytt dagþjónusta – hæfingarstöðvar og vernduð vinna

3.1 Hæfing

Í umsókn SMFR til Framkvæmdasjóðs fatlaðra fyrir árið 2008 er óskað eftir nýju húsnæði fyrir hæfingarstöðvarnar í Bæjarhrauni 2 í Hafnarfirði og Fannborg 6 í Kópavogi.. Húsnæðið í Bæjarhrauni er of lítið og fullnægir ekki þörfum þeirra notenda sem sækja þangað þjónustu, en þorri þeirra er alvarlega fjölfatlað fólk. Við sameiningu yrði húsnæðið selt en það er eign Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Leigusamningur um Fannborg rennur út 31. ágúst 2009. Kópavogsbær hefur keypt húsnæðið og fyrir liggur að bærinn hefur þörf fyrir það. Með nýju húsnæði er unnt að bæta þjónustuna á báðum þessum hæfingarstöðvum, svo sem með betra mótuneyti, borðstofu og fjölbreyttari starfsemi.

Sem fyrr getur njóta nánast allir sem sækja hæfingarstöðvar einungis 4 klst. þjónustu á dag. Þorri þeirra gæti hins vegar verið þar allan daginn, hafa vilja til þess og myndu þannig fást við skipulögð verkefni mun lengur dags en nú. Æskilegt væri að þeir sem það kjósa fengju að lágmarki þjónustu frá 9:00 til 15:00 á hæfingarstöð. Með því móti næðist auk þess rekstrarleg hagræðing vegna skemmri viðveru starfsmanna heimila og íbúðakjarna að degi til.

Á biðlista eftir hæfingu eða aukinni hæfingu eru nú 82 notendur. Fjórir þeirra eru án dagþjónustu en aðrir óska aukinnar hæfingar. Alls sækja nú 46 notendur hæfingu í Bæjarhrauni og Fannborg, hálfan daginn hver. Ný sameinuð starfsstöð þyrfti að rúma þann fjölda, auk tiltekins fjölda sem fengi þjónustu allan daginn eins og fram kemur í töflu 3. Því þarf

að gera ráð fyrir stækkunarmöguleikum þegar byggt eða leigt yrði ellegar fá þegar í upphafi stærra húsnæði sem gæti rúmað fleiri en nú njóta þjónustu í Bæjarhrauni og Fannborg.

Aðrar hæfingarstöðvar SMFR eru á Dalvegi 18, Kópavogi, (32 notendur) og við Hafnargötu 90, Reykjanesbæ, (19 notendur). Auk þess verður að gera ráð fyrir nýliðun á tímabilinu. Er ekki óvarlegt að gera ráð fyrir 12 manns til viðbótar á ári á starfssvæðinu öllu (0.75% af hverjum nýjum 18 ára árgangi), þar af 9 í sveitarfélögunum næst Reykjavík.

Í töflu 3 er sett fram áætlun um aukna þjónustu hæfingarstöðva á starfssvæði SMFR 2008-2010. Gert er ráð fyrir að á tímabilinu verði komið til móts við $\frac{3}{4}$ þeirra sem hafa sótt um hæfingu eða aukna hæfingu og $\frac{3}{4}$ nýliðunar. Tölurnar miðast við heilsdagspláss þannig að hvert og eitt þeirra nýtist tveimur sem nú njóta hæfingar hálfan daginn en hafa óskað aukningar.

Tafla 3. Uppbygginga hæfingarþjónustu 2008-2010

	Af biðlista	Nýliðun	Samtals
2008	11	9	20
2009	11	9	20
2010	11	9	20
Samtals	33	27	60

3.2 Vernduð vinna

Á biðlista eftir verndaðri vinnu eru nú 22 einstaklingar. Brýna nauðsyn ber til að koma upp langtímavinnustað fyrir þann hóp sem gæti unnið þar við verðug og arðbær verkefni, þegið laun fyrir og skapað sér lífsfyllingu. Gera má ráð fyrir að væri slíkur vinnustaður fyrir hendi myndi fjölga umtalsvert í þeim hópi sem kysu að vinna þar. Það er sagt í ljósi þess hve öryrkjum hefur fjölgað mikið á undanförunum árum umfram fólksfjölgun í landinu. Hlutfall öryrkja af íbúafjölda landsins hefur vaxið úr rúmum 4% árið 1996 í rúm 6% 2006 eða um 50%.⁴ Verulegur hluti þeirrar aukningar er til kominn vegna örorku sem stafar af geðröskun.⁵ Þess er að vænta að all nokkur hluti þessa hóps, sem er án atvinnu, myndi kjósa að vinna við verndaðar aðstæður, einkum þegar svigrúm eykst umtalsvert frá næstu áramótum til þess að afla tekna án þess að bætur skerðist. Auk þess að bæta afkomu og lífsgæði má ætla að vinna af þessu tagi myndi greiða mörgum leið út á almennan vinnumarkað síðar.

Fyrirhugaður er flutningur atvinnumála fatlaðs fólks til Vinnumálastofnunar þann 1. janúar 2009. Í ljósi þess sér SMFR ekki fram á meiri uppbyggingu á sínum vegum. Þó er lagt til að Vinnumálastofnun komi á verndaðri vinnu eins og fram kemur í töflu 4, ýmist sem sérstökum úrræðum eða hluta af almennum vinnustað.

⁴ Sjá vefsíðu TR: <http://eplika.tr.is/media/skjolpdf/Stadtolor2007.pdf>. Tafla 1.22.

⁵ Stefán Ólafsson: Örorka og velferð á Íslandi og í öðrum vestrænum löndum. Rannsóknarstöð þjóðmála. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Öryrkjabandalag Íslands 2005, bls. 79.

Tafla 4. Uppbygging verndaðrar vinnu 2008-2010

	Starfsmenn
2008	15
2009	15
2010	15
Samtals	45

4. Skammtímaþjónusta

4.1 Skammtímavistun

SMFR starfrækir nú þrjár skammtímavistanir: Í Hnotubergi í Hafnarfirði, Móaflöt í Garðabæ og Heiðarholti í Sveitarfélaginu Garði. Biðlisti eftir skammtímavistun nemur nú 207 sólarhringum á mánuði. Annars vegar eru 43 einstaklingar sem fá ekki slíka þjónustu (óskað 103 sólarhringa) og 20 þar sem óskað er aukningar (óskað 104 sólarhringa).

U.þ.b. 140 sólarhringar á mánuði bætast við núverandi þjónustu með nýrri skammtímavistun sem veitt hefur verið heimild fyrir. Ef Einibergi yrði breytt í heimili fyrir börn gætu þar að auki losnað um 33 sólarhringar á mánuði. Þá væri aðeins bið eftir u.þ.b. 34 sólarhringum í mánuði. SMFR stefnir að því að ná þeim áfanga á því tímabili sem áætlun þessi nær til.

4.2 Stuðningsfjölskyldur

Þjónusta stuðningsfjölskyldna fer vaxandi samfara aukinni eftirspurn. Öllum sem sækja um er veitt slík þjónusta því þetta er það stoðurræði sem er ódýrast og minnkar líkur á eða seinkar þörf fyrir meiri og dýrari þjónustu. Að jafnaði dvelja börn hjá stuðningsfjölskyldum sínum í tvo til þrjá sólarhringa í mánuði í því skyni að létta álagi af fjölskyldum þeirra.

Til fróðleiks skal þess getið að árið 2007 nutu 140 börn þjónustu stuðningsfjölskyldna í samtals 3970 sólarhringa. Á árinu 2006 voru hliðstæðar tölur 120 börn í 2992 sólarhringa.

SMFR leggur áherslu á að geta áfram komið að fullu til móts við þá eftirspurn sem er eftir þessari þjónustu.

5. Þjónustusamningar

SMFR á samstarf við ýmsa aðila með því móti að þjónustusamningar hafa verið gerðir um einstök verkefni eða þjónustu við tiltekið fólk. Hér verða nefnd dæmi um slíka samninga sem sumir kunna að eiga eftir að breytast á því tímabili sem hér er til umfjöllunar.

- Á undanförunum tveimur árum, 2006-2007, hefur SMFR gert fimm samninga um svonefnda notendastýrða þjónustu. Í slíkum tilvikum fær notandi þjónustunnar í hendur fjármagn frá stofnuninni til þess að greiða sjálfur fyrir þá þjónustu sem hann þarfnast, hvort sem hann ræður til þess fólk eða felur það verktaka. Þetta á einkum við um fólk sem er háð öndunarvélum en getur notað færanlega vél með aðstoð og þannig dvalið heima og

komist hjá því að dvelja á hjúkrunarheimili. Tvær umsóknir um notendastýrða þjónustu eru nú til umfjöllunar hjá SMFR og gera má ráð fyrir þremur til fjórum umsóknum til viðbótar á því tímabili sem hér er fjallað um. Vaxandi vitund og áhugi er fyrir þessu þjónustuformi sem getur augljóslega verið hentugt þar sem það á við.

- Gerðir hafa verið þjónustusamningar við sveitarfélög á starfssvæðinu vegna tíu einstaklinga sem SMFR annast þjónustu við en sveitarfélögin taka þátt í kostnaði. Gera má ráð fyrir að svo verði áfram og að þróunin verði sú að samið verði um þjónustu við fleiri en færri einstaklinga.
- Í gildi eru nú sjö samstarfs- og vistunarsamningar við aðra aðila en að framan greinir vegna einstaklinga sem þarfnast þjónustu. Sumir þeirra eru vegna fólks af starfssvæði SMFR sem dvelur á sveitaheimilum utan svæðisins. SMFR mun kanna nánar hvort það séu heppileg úrræði í ljósi hættu á félagslegri einangrun og fleiri þátta. Vistun af þessu tagi er heldur ekki í samræmi við þau stefnumið sem fram koma í drögum að stefnu félags- og tryggingamálaráðuneytisins í þjónustu við fötluð börn og fullorðna 2007-2016.⁶ Af þessum sökum þarf að kanna hug þessa fólks til annarra úrræða.
- Af öðrum þjónustusamningum má nefna samning við Endurhæfingardeild LSH í Kópavogi, Ragnarssel í Reykjanesbæ (Þroskahjálp á Suðurnesjum), Skálatúnshemilið, Rauða kross Íslands og viðkomandi sveitarfélög um athvörf fyrir geðfatlað fólk í Hafnarfirði og Kópavogi og við Reykjanesbæ vegna slíks athvarfs þar í bæ. Ekki eru fyrirhugaðar teljandi breytingar á þessum samningum á næstu misserum nema atvik hagi því svo til að þeirra sé þörf.

6. Samráð við sveitarfélög

Í II. kafla reglugerðar nr. 273/1993 um viðfangsefni svæðisskrifstofa segir í 3. gr. að haft skuli samráð við sveitarfélög, landshlutasamtök eða héraðsnefndir við gerð áætlana á svæðinu eftir því sem við á, sem og að svæðisskrifstofur skuli kalla eftir upplýsingum frá sveitarfélögum, félagasamtökum fatlaðra og sjálfseignarstofnunum um fyrirhugaðar framkvæmdir og taka afstöðu til þeirra við gerð svæðisáætlana. Í samræmi við það var forsetum sveitarfélaganna tólf á starfssvæði SMFR, svo og Landssamtökunum Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands, send bréflög fyrirspurn í öndverðum febrúarmánuði s.l. Þar var óskað upplýsinga um fyrirhugaðar framkvæmdir eða aðgerðir sem varða þjónustu við fötluð börn og/eða fullorðna á árunum 2008-2010. Formönnum félagsmálanefnda eða -ráða í sveitarfélagunum var sent afrit af bréfinu til forseta bæjarstjórnar. Frestur til svara var gefinn til 23. febrúar.

Svör hafa borist frá fjórum sveitarfélögum: Seltjarnarnesbæ, Kópavogi, Mosfellsbæ og Sandgerðisbæ, það síðasta 15. apríl. Í öllum svörum er tekið fram að fötluðum börnum og fullorðnum sé veitt félagsleg þjónusta af hálfu sveitarfélaganna, meðal annars liðveisla og ferðaþjónusta og að því verði að sjálfsögðu haldið áfram. Í þremur sveitarfélaganna er unnið að bættu aðgengi fatlaðra um gangstéttir og að opinberum byggingum og tekið fram að við nýframkvæmdir á slíkum byggingum sé tekið mið af viðurkenndum stöðlum þar að lútandi.

Aðrar framkvæmdir eða aðgerðir eru ekki nefndar í svörunum nema hvað Kópavogsbær hefur með samningi við félags- og tryggingamálaráðuneytið skuldbundið sig til að útvega íbúðir til

⁶ Mótum framtíð – þjónusta við fötluð börn og fullorðna 2007-2016. Framtíðarsýn og -stefna. Sjá vefsíðu ráðuneytisins: http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/thjonusta_f/framtidarsyn.pdf.

búsetu með þjónustu fyrir geðfatlað fólk sem þarfnast almennrar félagslegrar þjónustu. Gert er ráð fyrir íbúðakjarna með átta íbúðum og skal framkvæmdum við þær lokið 1. apríl 2010. Fram kemur í svari bæjarins að hann hafi markað sér ákveðna stefnu í málefnum fatlaðra til ársins 2009 og hafin sé vinna við nýja stefnumótun fram til 2012. Í samræmi við stefnumótunina var stuðningsþjónusta við fjölskyldur fatlaðra barna eflð og “geta foreldrar fatlaðra barna sótt um sérfræðiaðstoð og foreldrar barna með þroska- og atferlisraskanir geta sótt um stuðningsfjölskylduúrræði.” Aðstoð stuðningsfjölskyldu getur mest orðið 2 ½ sólarhringur í mánuði og kemur sá tími til viðbótar við slíka þjónustu af hálfu SMFR.

Í svari Sandgerðisbæjar er vitnað til málefnasamnings meirihluta bæjarstjórnar fyrir kjörtímabilið 2006-2010. Þar segir að 1) húsnæðismál fatlaðra verði skoðuð sérstaklega, 2) lögð verði áhersla á að byggja húsnæði fyrir þá einstaklinga sem kjósa sambýli eða geta af einhverjum ástæðum ekki búið lengur í foreldrahúsum, 3) lögð verði áhersla á að sérmerkja bílastæði við stofnanir bæjarins, 4) að stutt verði við bakið á fólki með sérþarfir samkvæmt reglum sveitarfélagsins og viðeigandi lögum og reglugerðum í samráði við SMFR og félags- og tryggingamálaráðuneytið og 5) unnið verði að því að aðgengi fatlaðra að byggingum bæjarins verði viðunandi. Ekki kemur fram hvort af framkvæmdum eða aðgerðum hafi orðið né heldur hvenær þær eru fyrirhugaðar.

Auk þess barst svar frá Brynju – Hússjóði Öryrkjabandalagsins þar sem fram kemur að sjóðurinn kaupi fyrst og fremst húsnæði á starfssvæðinu í samvinnu við SMFR eða félags- og tryggingamálaráðuneytið þannig að upplýsingar liggi fyrir þar ef svo bæri undir.

Fyrir hönd Svæðisskrifstofu Reykjaness

Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri